



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 2. desember 2019

USK2019090080

6.11

Borgarráð

Opið svæði við Vesturbæjarsundlaug - Tilvísun í mál R19090310.

Á fundi borgarráðs þann 26. september 2019 var svohljóðandi Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins lögð fram:

- "1. Hvað á að gera við opið svæði við Vesturbæjarsundlaug?"*
- "2. Mjög misvísandi upplýsingar eru um málið og hefur verið nefnt hundagerði og hjólabrettafarður – er annað hvort eða bæði fyrirhugað – eða eitthvað annað?"*

Svör umhverfis- og skipulagssviðs:

Í vinnslu er tillaga að breyttu deiliskipulagi þar sem gert ráð fyrir hundagerði á opna svæðinu við Vesturbæjarlaug. Tillagan fer síðan í hefðbundið ferli og grenndarkynningu.

Hjólabraut var staðsett á opna svæðinu við Vesturbæjarlaug til reynslu. Staðsetningin var valin í tengslum við nærliggjandi leiksvæði við Vesturbæjarlaug og er í samræmi við núgildandi deiliskipulag. Ekki er búið að ákveða hvort um endalega staðsetningu hjólabrautarinnar er að ræða. Komi til þess að færa brautina er auðvelt að taka brautina upp og flytja á nýjan stað.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds